

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 997/2001

2002/EES/37/14

frá 22. maí 2001

**um breytingu á reglugerð (EB) nr. 805/1999 um sérstakar ráðstafanir vegna framkvæmdar á reglugerð ráðsins (EB) nr. 718/1999 um stefnu bandalagsins varðandi flutningsgetu flotans er miðar að því að efla flutninga á skipgengum vatnaleiðum(\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 718/1999 frá 29. mars 1999 um stefnu bandalagsins varðandi flutningsgetu flotans er miðar að því að efla flutninga á skipgengum vatnaleiðum <sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 718/1999 er þess krafist að framkvæmdastjórnin mæli fyrir um nákvæmar reglur til framkvæmdar stefnu bandalagsins varðandi flutningsgetu flotans eins og hún er skilgreind í þeirri reglugerð.
- 2) Í 4. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 805/1999 <sup>(2)</sup>, eins og henni er breytt með reglugerð (EB) nr. 1532/2000 <sup>(3)</sup>, sem er samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 718/1999, er sett fram hlutfall fyrir regluna „gamalt fyrir nýtt“ sem á að gilda frá 29. apríl 1999.
- 3) Í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 718/1999 er þess krafist að hlutfallið fyrir „gamalt fyrir nýtt“ sé minnkað jafnt og þétt til að koma því, eins hratt og unnt er og í reglubundnum áföngum, niður í núll eigi síðar en 29. apríl 2003. Því er rétt að ákveða nýtt hlutfall fyrir „gamalt fyrir nýtt“ fyrir árið 2000.
- 4) Ráðlegt er, með tilliti til efnahagsþróunar í hinum ýmsu greinum flutninga á skipgengum vatnaleiðum, að minnka hlutföllin fyrir „gamalt fyrir nýtt“, sem um getur í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 718/1999 og eru ákveðin í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 805/1999, en þó

án þess að gera að engu þann ávinning sem orðið hefur af skipulagsumbótum frá árinu 1990. Minnka ætti hlutfallið fyrir þurrflutningaskip niður í 0,80:1 þar eð greinin heldur áfram að vaxa. Minni breytinga er þörf á hlutfallinu fyrir tankskip eða í 1,15:1 þar eð ástandið í þeirri grein er enn áhyggjuefni og markaðurinn vex ekki. Meiri breytinga er þörf vegna stakbáta eða í 0,50:1 þar eð ekki er mikil umframflutningsgeta í þeirri grein.

- 5) Sérfræðingahópur um stefnu bandalagsins varðandi flutningsgetu og eflingu flota bandalagsins, sem komið var á fót með 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 805/1999, hefur skilað álit um ráðstafanirnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Reglugerð (EB) nr. 805/1999 er breytt sem hér segir:

1. Í 1. mgr. 4. gr. komi hlutfallið „0,80:1“ í stað „1:1“.
2. Í 2. mgr. 4. gr. komi hlutfallið „1,15:1“ í stað „1,30:1“.
3. Í 3. mgr. 4. gr. komi hlutfallið „0,50:1“ í stað „0,75:1“.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. maí 2001.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*  
Loyola DE PALACIO  
*framkvæmdastjóri.*

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 139, 23.5.2001, bls. 11, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 158/2001 frá 11. desember 2001 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 13, 7.3.2002, bls. 21.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 90, 2.4.1999, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 102, 17.4.1999, bls. 64.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 175, 14.7.2000, bls. 74.